

Reglugerð um félagsaðild innan Kraftlyftingasambands Íslands

Félagsaðild miðast við skráningu í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ, og skulu keppendur vera skráðir kraftlyftingaiðkendum þar. Hvert félag ber ábyrgð á skráningu og afskráningu sinna félaga.

Hvert kraftlyftingafélag setur sínar reglur og skilyrði fyrir meðlimi varðandi inngöngu, brotthvarf, æfingafyrirkomulag, val í keppnislið, starfsframlag og gjald. Reglurnar mega ekki brjóta í bága við almennar reglur ÍSÍ og KRAFT.

Félagsmenn eru fulltrúar síns félags og fara eftir þeim reglum sem þar gilda.

Um félagaskipti

Til að félagaskipti geti átt sér stað þarf viðkomandi að vera skuldlaus við sitt félag.

Félagaskipti skal tilkynna á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á kraft.is sem sendist til beggja félaga með afrit til KRAFT. Tilkynningin getur verið í formi tölvupósts. Þar skal koma fram fullt nafn, heimilisfang og kennitala viðkomanda, nafn félagsins sem viðkomandi gengur úr og nafn hins nýja félags.

Félagaskiptin ganga í gildi frá þeim degi sem nýskráning birtist í Felix, þó aldrei fyrr en 30 dagar eru liðnir frá dagsetningu bréfsins.

Stjórn KRAFT áskilur sér rétt til að kanna ástæður félagaskiptanna og vísa málinu til aganefndar ef ekki hefur verið farið að reglum sambandsins.

Óheimilt er að keppa fyrir fleiri en eitt félag á sama keppnistímabili. Keppnistímabilið er frá 1.janúar – 31.desember.

Um úrsögn úr félagi

Iðkandi sem segir sig úr félagi innan KRAFT án þess að um félagaskipti sé að ræða skal gera það með dagsettu ábyrgðarbréfi til síns félags með afrit til KRAFT. Bréfið skal vera undirritað með eigin hendi.

Úrsögn tekur gildi 30 dögum eftir að kvittað hefur verið fyrir móttöku bréfsins og skal félagið sjá um að skrá viðkomanda úr Felix.

Sá sem hefur skráð sig úr félagi innan KRAFT og ekki jafnframt skráð sig í annað félag (félagaskipti) er ekki hlutgengur á mótum KRAFT næstu tvö ár eftir að nýskráning tekur gildi, hvorki sem keppandi né starfsmaður.

Um brottvikningu úr félagi

Ef stjórn félags ákveður að vísa einstaklingi úr félaginu, tímabundið eða að fullu, af einhverjum ástæðum, skal tilkynna það til KRAFT. Félagið ber ábyrgð á að skrá viðkomandi úr Felix og tekur afskráning þegar gildi.

Sé grunur um brot á reglum KRAFT skulu málsaðilar tilkynna það til stjórnar KRAFT sem vísar málinu til aganefndar sambandsins telji hún efnislegar ástæður til þess.

Aganefnd KRAFT getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum vegna sérstakra aðstæðna ef beiðni um slíkt berist frá stjórn aðildarfélags innan sambandsins.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands þ. 17.október 2013